

**TILMÆLI nr. 23****frá 29. október 2003****um meðferð lífeyriskrafna***(Texti sem varðar EES)*

(2004/326/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71<sup>(1)</sup> en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitamál vegna framkvæmdar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72<sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af c-lið 81. gr. þeirrar reglugerðar, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráð stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkja í málum er lúta að almannatryggingum,

með hliðsjón af d-lið 81. gr. þeirrar reglugerðar, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkja með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti í nútímalegt horf,

með hliðsjón af 36.–38. gr., 41.–43. gr., 45.–47. gr., 49. gr., 90. gr. og 111. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72, sem í eru ákvæði um athugun á lífeyrisumsókn,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þágu hlutaðeigandi einstaklinga skal meðferð lífeyriskrafna hefjast strax án ónauðsynlegra tafa.
- 2) Með ákvörðun framkvæmdaráðs nr. 182 frá 13. desember 2000 var settur sameiginlegur rammi um gagnasöfnun vegna uppgjors lífeyriskrafna.
- 3) Innan þessa ramma hefur tækninefndin haft frumkvæði að umræðum milli aðildarríkjanna í því skyni að kanna beitingu góðra starfsvenja til að stytta vinnslutíma lífeyrisumsókna.
- 4) Í umræðunum voru tilgreindar nokkrar hindranir á meðferð lífeyriskrafna og einnig nokkrar ráðstafanir sem hægt væri að beita til að yfirvinna þær.
- 5) Sumar þessar ráðstafanir, um skipulagningu innlendu stofnananna og úthlutun fjármagns til þeirra, eru að öllu leyti á ábyrgð aðildarríkjanna og framkvæmdaráðið getur aðeins gefið út ályktanir.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir í skipulagsmálum og nýta auk þess þann mannafla og búnað sem þau ráða yfir til að tryggja sem ákjósanlegasta meðferð lífeyrisumsókna sem tengjast reglugerð (EBE) nr. 1408/71:

- 1) að útvega nægilegan mannafla og tölvaðstöðu í þeim sérstaka tilgangi að taka til meðferðar umsóknir sem tengjast reglugerð (EBE) nr. 1408/71,
- 2) að taka til greina sérstakt skipulag og þætti í viðkomandi kerfum sínum til að finna bestu leiðina til að vinna úr umsóknum er tengjast reglugerð (EBE) nr. 1408/71, t.d. með miðlægri vinnslu, jafnvel þótt innlend stjórnsýsla byggist á sjálfstæðum einingum, eða með því að sjá til þess að sérstök stofnun, innlend eða svæðisbundin, sé tilnefnd í þessum tilgangi eða að sérstökum deildum verði komið upp í þeirri einingu sem næst er umsækjandanum,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

- 3) að útvega tæknimenntað starfsfólk til að annast meðferð Bandalagssumsóknna, sem hefur hlotið sérstaka menntun varðandi gildandi reglur Bandalagsins og hvað skuli nota (eyðublöð, tölvur, fjarvirknibúnað o.s.frv.) og gera ráðstafanir til þess að stjórn og tæknimenntað starfsfólk geri sér betur grein fyrir því á hvern hátt starfsemi í stofnun þeirra tengist þáttum Bandalagsins og aðferðum við að hafa umsjón með meðferð Bandalagssumsóknna,
4. að stuðla að því að komið sé á formlegu samstarfi milli stofnana þeirra og stofnana í öðrum aðildarríkjum, t.d. með því að nota innlenda samskiptafulltrúa sem eru sérhæfðir í samskiptum við tiltekin aðildarríki og að framvísa skrá yfir starfsmenn (nöfn, efnissvið, pósthöfn og netföng, símanúmer og bréfsímanúmer) sem hægt væri að fá aðgang að á CIRCA-vefþjóninum.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

Giuseppe MICCIO

---